Þriðjudaginn 18. febrúar 1992.

Nr. 306/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Árna Guðlaugi Stefánssyni
(Valgarður Sigurðsson hrl.).

Líkamsárás. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Er það krafa ákæruvaldsins, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en þó þannig, að refsing verði þyngd.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Til vara er þess krafist, að refsing á hendur ákærða verði látin falla niður eða hún milduð og skilorðsbundin.

Mál þetta var dæmt í héraði, án þess að aðrir væru kvaddir fyrir dóm en ákærði sjálfur. Fyrir lágu gögn um ýtarlega lögreglurannsókn, sem fram fór í beinu framhaldi af þeim atburði, sem málið er risið af. Ákærði viðurkenndi verknað sinn greiðlega, og ber frásögn hans af atburðinum saman við aðrar skýrslur í öllum meginatriðum. Honum var og skipaður verjandi, sem flutti vörn af hans hálfu. Eru ekki þeir gallar á málsmeðferð í héraði, er varði ómerkingu hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakfellingu ákærða og færslu brotsins til refsiákvæða.

Rétt er að tiltaka refsingu ákærða með vísan til 1. mgr. 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, en einnig ber að líta til niðurlagsákvæðis 3. mgr. sömu lagagreinar. Telst refsingin hæfilega ákveðin í héraðsdómi, varðhald 45 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgarðs Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði er fjölskyldufaðir í föstu starfi og hefur stundað reglusamt líferni að undanförnu, eftir því sem upplýst er hér fyrir dómi. Af framlögðum læknisvottorðum má ráða, að líkamstjón af broti hans í máli þessu hafi ekki orðið varanlegt. Kröfu um skaðabætur vegna brotsins hefur ekki þurft að taka til meðferðar í málinu, og hefur ákærði gert hana upp með samkomulagi utan réttar, eftir að dómur gekk í héraði. Með hliðsjón af þessu og öðrum atvikum tel ég rétt, að fullnustu refsingar ákærða verði frestað, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms í málinu, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Áfrýjunarkostnað málsins beri ákærða að greiða.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 12. mars 1991, á hendur Árna Guðlaugi Stefánssyni, Krabbastíg 4, Akureyri, kennitala 171065-5779, „fyrir líkamsmeiðingu með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 21. október 1990 slegið Óskar Aðalbjörnsson, fæddan 7. október 1973, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur hér fyrir dóminum játað brot sitt, eins og því er lýst í ákæru, og er sú játning hans í samræmi við framburð hans fyrir lögreglu og önnur skjöl málsins. Þykir sök hans því nægjanlega sönnuð.

Samkvæmt læknisvottorði, er fram er lagt í málinu, urðu afleiðingar

brotsins þær, er í ákæru greinir, og varðar brotið við þargreind lagaákvæði.

Samkvæmt vottorði Sakaskrár ríkisins hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir:

1986 16/4 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 8.500 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 217. gr. alm. hgl.

1986 6/5 S.-Múlas./Eskfj. Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 2 ár, f. brot g. 244. og 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1990 8/2 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Varðhald 20 daga f. brot g. 1. mgr. 218. gr. alm. hgl., sbr. 11. gr. l. nr. 20, 1981.

Eigi hefur verið höfð uppi skaðabótakrafa í máli þessu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns, 20.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Guðlaugur Stefánsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. 20.000 kr., auk virðisaukaskatts, í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.